



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sauðárkróki 8. mars 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um pósthjónustu og lögum um Bygðastofnun (flutningur póstmála). Þingskjal 895, 534. mál.**

Bygðastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingum á lögum um pósthjónustu og lögum um Bygðastofnun (flutningur póstmála). Með frumvarpinu er verið að gera þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að færa stjórnsýslu og eftirlit með pósthjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun til Bygðastofnunar.

Bygðastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 106/1999 og er meginhlutverk hennar skv. 2. gr. laganna að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í frumvarpinu er rakið að ýmis rök mæli með því að Bygðastofnun taki að sér verkefni póstmála svo að stofnunin geti unnið áfram með ráðuneytinu næstu misserin við að samhæfa enn betur byggðasjónarmið og póstmál, innan þess svigrúms sem Evrópulöggjöf á þessu sviði veitir, auk þess að tryggja að áfram verði tryggð hagkvæm, skilvirk og áreiðanleg pósthjónusta um land allt og til og frá landinu og að jafnræði landsmanna til að njóta alþjónustu verði tryggt.

Bygðastofnun telur vel hægt að finna verkefninu stað innan stofnunarinnar að því gefnu að tryggt verði fjármagn og mannauður til að sinna því svo vel sé. Innan stofnunarinnar starfa lögfræði- og rekstrarsvið auk þess sem sem önnur svið stofnunarinnar hafa sinnt margskonar greiningarvinnu fyrir stjórnvöld og aðra um margra ára skeið. Tryggja þarf að sem best samfella haldist í þeim verkefnum sem undir frumvarpið falla og einnig sem besta yfirfærslu á þekkingu milli stofnananna við flutninginn.

Almennt má segja að pósthjónusta standi hvarvetna á tímamótum. Breytingar á tækni og samskiptaháttum hafa veruleg áhrif á rekstur þjónustunnar sem kemur m.a. fram í hruni í tekjugrunni Íslandspósts vegna samdráttar í bréfasendingum. Tilgangur alþjónustu lýtur ekki síst að byggðasjónarmiði, að íbúar alls landsins eigi rétt á ákveðinni lágmarkspósthjónustu sem uppfyllir gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði. Skal verðskrá alþjónustu vera sú sama um land allt en jafnframt taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna. Þetta virðist tæpast samrýmanlegt og hefur verið lýst efasemdum um að framkvæmdin standist viðmið samkeppnislaga. Því er ástæða til að athuga hvort heppilegra sé að færa þennan stuðning fremur í farveg þeirra reglna sem gilda um byggðastuðning.



Bygðastofnun tekur undir það sem sagt er í greinargerð með frumvarpinu að flutningur verkefna á sviði pósthjónustu gefi tilefni til athugunar á því hvort unnt er að straumlínulaga eftirlit með pósthjónustu með einföldun á lagaumhverfi án þess að þjónusta sé skert. Núverandi fyrirkomulag sýnist að mörgu leyti ógegnsett og flókið og mikill ágreiningur hefur staðið um framkvæmd eftirlits með framkvæmd þjónustunnar. Mikilvægt er að ekki sé verið að halda sömu eða svipuðum verkefnum á borði tveggja eða fleiri stofnana og minnka flækjustig ákvarðana og afskipta ríkisvaldsins á sviði málaflokksins. Bygðastofnun telur því mikilvægt að greina á milli 'hreinna' póstmálefna og málefna sem falla betur að verkefnum Samkeppniseftirlitsins eða, eftir atvikum, annarra stofnana, svo sem á sviði persónuverndar og neytendamála.

Virðingarfyllt  
f.h. Bygðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson  
forstjóri